

Mál nr. 179/2021

M og
V vegna slysátryggingar sjómanna A.Ágreiningur um hvort atvik falli undir slyshugtak vátryggingarskilmála.**Gögn.**

1. Málskot dags. 05.05.2021 ásamt fylgiskjölum 1-9.
2. Bréf V dags. 21.05.2021 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Á málskoti kemur fram að hinn 12. nóvember 2020, hafi M, er hann var að störfum í skipi A, orðið fyrir meiðslum. Nánar er tildrögum atviksins lýst svo að M hafi verið að sjóbúa með þriggja hæða sjóbúnings stöng. Um sé að ræða 5 kg stöng sem krækja eigi í 10x15 cm gat í stæðu sem sé þá um 6,2 metrum ofan við vinnuhæð starfsmanns. M hafi teygst stöngina upp og reynt að krækja henni í gatið en ekki hitt. Hafi stöngin þá tekið að hallast til vinstri og M ekki tekist að halda taki á henni. Hafi M fengið snúningsáverka á vinstri olnboga undan þunga stangarinnar þegar hún féll til hliðar. M hafi verið óvinnufær frá slysegi. Slysð hafi verið tilkynnt til V í febrúar 2021 en V hafi hafnað bótaskyldu með bréfi dags. 8. apríl 2021, með þeim rökum að umrætt atvik félli ekki undir slyshugtak viðkomandi skilmála. M er ósammála þeirri afstöðu, enda sé ekki um það að ræða að hann hafi fengið verk í handlegginn við það eitt að lyfta stönginni. Meiðsl hans sé þá ekki að rekja til ofálags, veikleika, rangrar líkamsbeitingar eða annað sem geti talist „innra ástand í líkama hans“. Þvert á móti hafi það verið hreyfing stangarinnar, sem sneri upp á handlegg M, sem orsakaði slysið og sé þar um að ræða óvænta og skyndilega utanaðkomandi orsök. Breyti engu þar um að M hafi, í aðdraganda slyssins, mistekist að festa stöngina. Sé því ljóst að umrætt tilvik falli undir slyshugtak vátryggingarinnar og bótaskylda þar af leiðandi fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar segir að í sjúkraskrá, í komunótu 17. nóvember 2020, sé að finna greinargóða lýsingu á atvikum. Þar komi fram að stöngin hafi sigið til hliðar og M teygst út vinstri hendi til að stöðva fall hennar. Megi af því ráða að hafi áfram haldið í stöngina, eða jafnvel gripið í hana aftur þegar hún tók að síga til hliðar sem megi rekja til eigin líkamsbeitingar M, þegar hann hitti stönginni ekki á sinn stað. Um hefðbundið verk, sem M hafi verið vanur að framkvæma, hafi verið að ræða, og ekkert utanaðkomandi hafi rekist í stöngina. Megi og reikna með því þegar 5 kg þungri stöng er lyft í svo háa hæð að hún geti tekið að halla og hafi M þurft að vera viðbúinn því. Ekki hafi verið um skyndilegan eða óvæntan atburð að ræða og ekkert utanaðkomandi sem hafi truflað M við verkið. Sé því ekki um slys í skilningi viðeigandi vátryggingarskilmála að ræða og er bótaskylda því hafnað.

Álit:

Í skilmálum viðeigandi vátryggingar, gr. 2.3 er hugtakið slys skilgreint með þeim hætti að um sé að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama þess sem er vátryggður og gerist án vilja hans. Sönnunarbyrði fyrir því að atvik falli innan þessarar skilgreiningar hvílir á M. Af gögnum málsins má ráða að það hafi verið venjubundið verkefni að hengja sjóbúnaðarstöng með þessum hætti í gat í gámastæðu. Verður að telja að meiðsl M hafi hlotist af líkamsbeitingu hans sjálfs, eftir að honum mistókst að krækja stönginni í umrætt gat, en við það hafi stöngin tekið að halla og hann þá reynt að ná taki á henni með þeim afleiðingum að hann meiddist á handlegg. Verður ekki talið að það feli í sér utanaðkomandi atburð í skilningi umræddra skilmála að stöngin hafi tekið að halla með þessum hætti, enda verði að telja það eðlilega afleiðingu þess að ekki tókst að festa hana en umrædd stöng er 5kg. að þyngd og nauðsynlegt að lyfta henni í töluverða hæð við þennan starfa. Er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt til bóta úr slysátryggingu sjómanna A, hjá V.

Reykjavík 22. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmn.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr